

Minnisblað

Reykjavík 7. mars 2018

Á fundi menningar – og ferðamálaráðs 12. febrúar 2018 fór fram kynning á starfsemi Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna í Reykjavík (UMFR).

Í kynningunni kom fram að fyrirhugað væri að Strætó hefði í UMFR aðstöðu fyrir þjónustufulltrúa sem leiðbeina ætti gestum um leiðarkerfi Strætó, innan og utan borgar og selja þeim strætómiða. Um tilraunaverkefni væri að ræða til sex mánaða og fengi Strætó aðgang að einu þjónustuborði án þess að greiða nokkuð fyrir. Hagræði kynni að felast í þessu fyrir starfsemi UMFR sem hingað til hefur þurft að veita upplýsingar til gesta um leiðarkerfi Strætó og tæki það krafta og tíma frá annarri upplýsingamiðlun.

Í kjölfar kynningarinnar lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í ráðinu fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks telja að jafnræðis sé ekki gætt með hugmyndum um að Strætó hafi aðstöðu umfram aðra rekstraradila í Upplýsingamiðstöð ferðamanna, til að þjónusta fólk, sem vill fara með strætó út á land og setja saman ferðir og ferðaplön fyrir ferðamenn. Augljóst er að verið er að mismuna ferðaþjónustuaðilum með þessum hugmyndum.

Í ljósi þessarar bókunar taldi sviðsstjóri Menningar- og ferðamálasviðs tilefni til að fá úr því skorið hvort samstarfið við Strætó myndi fela í sér mismunun. Leitaði sviðsstjóri til embættis borgarlögmanns og fékk þar eftirfarandi álit:

Strætó bs. er almenningssamgöngufyrirtæki í eigu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og starfar ekki beint á samkeppnismarkaði. Í ljósi þess almannahlutverks sem félagið gegnir verður ekki séð að það raski samkeppni að Strætó bs. hafi fulltrúa í UMFR.

Var því bætt við að ekki væri þörf á frekari skoðun á því hvort um mismunun væri að ræða að svo stöddu.

Sviðsstjóri telur rétt að upplýsa menningar- og ferðamálaráð um þetta álit frá embætti borgarlögmanns.

Virðingarfyllt,

Arna Schram,

Sviðsstjóri Menningar- og ferðamálasviðs.